

---

## Greinargerð fastanefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga um samgöngumál

Fastanefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga hefur starfað í þrjú ár en nefndin var skipuð á 49. Fjórðungsþingi. Nefndin starfar eftir samþykktum Fjórðungsþings og hefur það hlutverk að fylgja eftir þeim áherslum í samgöngumálum sem vestfirskir sveitastjórnarmenn sammælast um hverju sinni. Á síðasta Fjórðungsþingi voru eftirfarandi aðilar kosnir í nefndina: Þórólfur Halldórsson, Jóhann Hannibalsson, Már Ólafsson og Gústaf Jökull Ólafsson. Stjórn Fjórðungssambands skipaði síðan Guðna Geir Jóhannesson í nefndina fyrir hönd Fjórðungssambandsins og sem formann hennar. Á vordögum hætti Guðni Geir í nefndinni og tók varamaður hans, Anna Guðrún Edvardsdóttir, sæti hans í nefndinni og gegnir jafnframt formennsku í henni.

Nefndin hélt fjóra fundi á starfsárinu. Á fundum nefndarinnar kom til umfjöllunar umhverfismat samgönguáætlunar 2007-2018, samgönguáætlun 2007-2010 og samgönguáætlun 2007-2018. Nefndin gerði umsagnir um framangreindar áætlanir og sendi viðeigandi aðilum. Nefndin hélt einnig fundi með þingmönnum, samgönguráðherra og stofnunum.

Á 49. Fjórðungsþingi var samþykkt stefnumótun í samgöngumálum sem sett var fram í skýrslu starfshóps á vegum Fjórðungssambands Vestfirðinga frá árinu 2004. Nær skýrslan til allra samgöngupátta, þ.e. flugs, fjarskipta, hafna og vega. Þessi skýrsla hefur verið leiðarljós nefndarinnar frá upphafi starfsins sem og aðrar samþykktir Fjórðungsþings

Í skýrslunni var lögð megin áhersla á:

- Að þéttbýliskjarnar á Vestfjörðum yrðu tengdir með bundnu slitlagi.
- Að tryggja öryggi vegfarenda með fullnægjandi viðhaldi á þeim stofnvegum í fjórðungnum sem ekki hafa enn verið byggðir upp.
- Að leggja veg um Arnkötludal og Gautsdal
- Að fjárveitingar verði auknar verulega til stórverkefna á Djúpvegi og Vestfjarðavegi miðað við núgildandi samgönguáætlun
- Að tengja Dýrafjörð og Vatnsfjörð í einni framkvæmd með jarðgöngum.

Á 50. Fjórðungsþingi var síðan samþykkt ályktun um mikilvægi jarðgangagerðar milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar.

Með samgönguáætlun, bæði í skammtímaáætlun og langtímaáætlun, var ljóst að enn var langt í land með að ofangreindum markmiðum væri náð. Á fundum nefndarinnar í Reykjavík sem haldnir voru undir lok febrúar komu til fundar við hana fulltrúar frá Flugstöðum o.h.f. og Siglingastofnun. Einnig hélt nefndin fundi með þingmönnum Norðvesturkjördæmis, samgönguráðherra og vegamálastjóra til að kynna áhersluatriði sín og óska eftir að tekið yrði tillit til þeirra. Þau atriði sem nefndin taldi að skoða ætti hvort kæmust á dagskrá voru:

- Ljúka við lagningu bundins slitlags á milli Hólmavíkur og Drangness á næstu fjórum árum.
- Að framkvæmdum við Vestfjarðaveg, milli Bjarkarlundar og Flókalundar verði lokið ekki seinna en árið 2012.
- Að flýta jarðgangagerð á milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar.
- Að setja jarðgangagerð undir Dynjandisheiði á dagskrá.

- Að Patreksfjarðarflugvöllur fái nauðsynlegt viðhald og fylgi þróun í flugþjónustu.
- Að mögulegt sé að fljúga blindflug til Þingeyrar.
- Að auka við snjómokstur þannig að hann verði alla daga á stofnleiðum.
- Að styrkja sjóflutningar á meðan verið er að byggja upp vegina.
- Að tryggt verði að viðlegukantar og þekjur á höfnum verði endurnýjaðir.
- Að tryggja uppbyggingu GSM sambands á vegum.

Alþingi samþykkti fyrir þinglok, þingsályktun um samgönguáætlun fyrir árin 2007 – 2010 en langtíma samgönguáætlun fyrir árin 2007-2018 fékkst ekki afgreidd fyrir kosningar.

Fulltrúi nefndarinnar sat fund Samgönguráðs þann 24. maí s.l. sem fjallaði um fjármögnun samgöngumannvirkja. Í júní sl. fór formaður nefndarinnar á fund samgönguráðherra og ítrekaði kröfur Fjórðungssambandsins og fór yfir þau markmið sem unnið er eftir.

Það var síðan í júlí sem samgönguráðherra tilkynnti mótvægisáðgerðir ríkisstjórnarinnar gagnvart samdrætti í þorskveiðum. Þar boðaði hann flýtingu stórra verkefna í vegamálum á Vestfjörðum, t.d. lagningu bundins slitlags á milli Hólmavíkur og Drangness, flýtingu framkvæmda á Vestfjarðavegi, flýtingu jarðgangagerðar milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar. Einnig voru kynnt áform um hraðari uppbyggingu fjarskiptakerfis á Vestfjörðum og hringtengingu ljósleiðarans.

Hvað varðar önnur verkefni, þá verður á næstu árum farið í endurnýjun á viðleguköntum og þekjum á höfnum á Vestfjörðum og Flugstoðir ohf eru að vinna að úttekt varðandi Patreksfjarðarflugvöll.

Þó svo að stór hluti af þeim áhersluatriðum sem unnið var eftir séu komin á dagskrá þá er það hlutverk nefndarinnar að fylgja þeim málum eftir. Næst er að taka upp umræðu um göng undir Dynjandisheiði og sýna fram á það að göng undir heiðina sé eini raunhæfi kosturinn til að bæta samgöngur á milli norður- og suðursvæði Vestfjarða. Nefndin telur einnig mikilvægt fylgja fast eftir hringtengingu ljósleiðara um Vestfirði og tryggja tenginu þéttbýlisstaða við þessa mikilvægu samgönguæð nútímasamfélags.

Góðir þingfulltrúar

Nú hyllir undir miklar framkvæmdir í vegamálum á Vestfjörðum. Nú þegar eru stór verk í gangi, gerð nýs vegar í Mjóafirði, Vestfjarðavegar í Kollafirði og gerð Arnkötludalsvegar. Á næstunni verður farið í gerð jarðganga milli Hnífsdals og Bolungarvíkur og uppbygging og lokaáfangar vegar milli Hólmavíkur og Drangsness. Þá er áformað að fara í uppbyggingu Vestfjarðavegar frá Bjarkarlundi að fyrirhugaðri þverun Þorskafjarðar við Kinnastaði. Sveitarstjórnir Vesturbyggðar, Tálknafjarðarhrepps og Reykhólahrepps hafa lagt ríka áherslu á það að Þorskarfjörðurinn verði þveraður sem fyrst og samgöngunefnd Fjórðungssambandsins tekur undir þessar kröfur. Samgöngunefnd fagnar einnig yfirlýsingu þingmanna Norðvesturkjördæmis frá 9. ágúst 2007, þar sem kemur fram að þingmenn kjördæmisins eru *einhuga um þá stefnu að við endurbyggingu Vestfjarðavegar 60 ætti að miða við að unnið verði í samræmi við tillögu Vegagerðarinnar um þverun Þorskafjarðar*. Þá leggur samgöngunefndin áherslu á að leið B með þverun Djúpafjarðar og Gufufjarðar verði boðin út í árslok 2007.

Nútímasamfélag krefst góðra samgangna hvort sem er í lofti, á láði, legi eða línu. Vestfirðir hafa lengi setið á hakanum hvað varðar samgöngumál til fjórðungsins og innan hans. Það landsvæði sem býr við lakar samgöngur stendur ekki jafnfætis þeim

landssvæðum sem státað geta af góðum samgöngum og getur því ekki tekið þátt í samkeppninni um fólkið á jafnréttisgrundvelli.

Ég vil að lokum þakka samnefndarmönnum mínum og framkvæmdarstjóra fyrir samstarfið á liðnu starfsári og vona að við náum einnig góðum árangri í samgöngumálum á því næsta.